



230. fundur Skólanefndar FS ***8. desember 1998***

Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson og Pétur Brynjarsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fjölbrautaskóli Suðurnesja – kjarnaskóli í netagerð.
Samningur við Sjávarútvegsdeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna.
 2. Heimsókn Starfsgreinaráðs málm-, tækni- og framleiðslugreina.
 3. Annarlok.
 4. Önnur mál.

1. Fjölbrautaskóli Suðurnesja – kjarnaskóli í netagerð.

Samningur við Sjávarútvegsdeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Skólameistari sagði frá umsókn skólans um að verða kjarnaskóli í netagerð og hugmyndum um uppbyggingu deildarinnar.

2. Heimsókn Starfsgreinaráðs málm-, tækni- og framleiðslugreina.

Skólameistari sagði frá heimsókn Starfsgreinaráðsins og viðræðum um kennslu í netagerð.

3. Annarlok.

Skólameistari sagði frá lokum haustannar. Útskrift verður laugardaginn 19. desember kl. 14:00. Nemendur voru um 730 á önninni og 290 í öldungadeild. Einnig sagt frá undirbúningi vegna vorannar.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari og fulltrúi kennara sögðu frá breytingum á umsjónarkerfi vegna hækkunar sjálfræðisaldurs.
- b) Fulltrúi nemenda sagði frá starfsemi nemendafélagsins.
- c) Nýtt bréfsefni og kynningarefni kynnt.
- d) Kynnt bréf frá kennurum skólans sem búa utan Suðurnesja þar sem óskað er eftir ferðastyrk. Ákveðið að kanna hvernig þessum málum er háttað í öðrum framhaldsskólum og taka málið aftur upp á næsta fundi.

- e) Spurt um ferðapeninga skólanefndarfólks vegna funda. Skólameistari kannar það mál.
- f) Skólameistari sagði frá stofnun nýs félags um samstarf atvinnulífs og skóla.
- g) Sagt frá skýrslu um atvinnulíf og menntun á Suðurnesjum sem unnin var af Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu í samvinnu við skólann.
- h) Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi ráðningu forstöðumanns Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 421-3100 Fax 421-3107

Reykjanesbæ 30. september 1998.

Menntamálaráðuneytið,
Hr. Hörður Lárússon.

Efni: Kjarnaskóli fyrir netagerð (veiðafæragerð)

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur frá 1991 séð alfarið um grunnmenntun netagerðamanna. Skólinn hefur tekið inn nemendur í sérgreinar brautarinnar annaðhvert ár og hafa um 60 nemendur lokið námi frá upphafi. Á vorönn 1999 eru yfir 20 nemendur skráðir til náms á brautinni, víðsvegar af landinu.

Frá því skólinn hóf kennslu í netagerð 1991 hefur verið byggð upp þekking innan stofnunarinnar og komið upp ýmsum búnaði og gögnum til fagbóklegrar og verklegrar kennslu. Nú á haustönn hefur húsnæði verið tekið á leigu í næsta nágrenni skólans og verður þar komið upp fullkominni aðstöðu til kennslu. Þá er gert ráð fyrir því að aðstaðan nýtist til þróunar kennsluhátta og hefur þegar verið hafist handa við gerð kennsluefnis í fjarkennslu. Kennsluefni í fjarkennslu er hugsað jafnt sem liður í grunnmenntun sem og til endurmenntunar starfandi netagerðamanna. Formaður Landsambands veiðafæragerða, Magni Örvar Guðmundsson hefur sent skólanum bréf og lýst yfir stuðningi við þessi áform.

Það er von okkar hér verði vísir að tæknigarði á sviði netagerðar í samstarfi við hagsmunaaðila í greininni.

Fulltrúum frá fræðsluráði málmiðnaðarins hafa verið kynnt áform skólans og mun skólinn leita eftir nánu samstarfi við ráðið um uppbyggingu námsins.

Lárus Pálmason hefur séð um kennslu á brautinni frá upphafi ásamt stundakennurum. Lárus hefur nú verið fastráðinn við skólann sem deildarstjóri netagerðar og mun hann hafa umsjón með uppbyggingu og frágang aðstöðunnar. Leitast hefur verið eftir samstarfi við Difta (Danish Institute for Fisheries Technology and Aquaculture), í Hirtshals á Jótlandi um þróun námsefnis og menntun netagerðarmann. Fulltrúar stofnunarinnar hafa tekið vel í samstarf við skólann. Fyrsti samstarfsfundur skólans og Difta er fyrirhugaður í nóvember 1998. Þá hefur deildarstjóri haft samband við Tuma Tómasson hjá Fiskveiðistofnun SP og rætt möguleika á samstarfi.

Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur fullan hug á að standa vel og myndarlega að uppbyggingu náms í netagerð og sækir því hér með um að gerast kjarnaskóli í greininni.

Virðingarfyllt,


Ólafur Jón Arnbjörnsson,
skólameistari

